

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/589
komudagur 6.12.2006



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6 desember 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um vörugjald og virðis-
aukaskatt á matvælum.**

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp er varðar breytingu á lögum um vörugjald og virðisaukaskatt á matvæli. Vörugjald af matvælum, öðrum en sykri, sykurvörum og súkkulaðivörum, verður fellt niður og virðisaukaskattur á matvælum lækkaður úr 14% og 24,5% í 7%. Sérstaka athygli vekur að gosdrykkir eru hér ekki flokkaðir með sætindum og koma því til með að lækka umtalsvert í verði þegar bæði kemur til lækkun á virðisaukaskatti úr 24,5% og niðurfelling vörugjalds (8 kr/lítra).

Neysla gosdrykkja er mikil hér á landi og unglingsstrákar drekka mest af gosi, eða að meðaltali tæpan lítra á dag (*Landskönnun á mataræði 15-19 ára, 2002*). Niðurstöður landskönnunar á munnheilsu barna og unglinga (*Munnís 2005*) sýna að glerungseyðing finnst hjá 30% 15 ára ungmenna (37,4% pílta, 22,5 % stúlkna) og 15% 12 ára barna (19,0% pílta, 9,8% stúlkna) en einn megin orsakabáttur glerungseyðingar er neysla súrra drykkja, þ.m.t. gosdrykkja. Um er að ræða vaxandi tannheilsuvanda sem veldur miklum sársauka og kallar á vandasöm og dýr lækningaúrræði, s.s. steypar krónur yfir tærðar eigin tennur. Kostnaðurinn verður oft gífurlegur og ef haft er í huga að endurgera þarf steypar krónur á 15-25 ára fresti, getur kostnaður numið hundruðum þúsunda fyrir hverja tönn á æviskeiði viðkomandi einstaklings. Tíu til tuttugu tennur geta þarfnast meðferðar vegna glerungseyðingar hjá sama einstaklingi.

Mikil og tíð gosdrykkjaneysla er ein mesta ógnin sem steðjar að tannheilsu íslenskra barna og unglinga nú til dags. Breytingar á sköttum og gjöldum ættu að tóna við heilsuhvetjandi skilaboð og því mjög jákvætt að vatn á flöskum skuli nú loksins undanþegið vörugjaldi. Hins vegar er lykilatriði að vörugjöld haldist - og hækki ef eitthvað er - á öllum drykkjum með viðbættum sykri svo lágt verðlag hvetji ekki enn frekar til neyslu gosdrykkja.

Virðingarfyllst

Anna E. Ólafsd.
Anna Elísabet Ólafsdóttir,
Forstjóri Lýðheilsustöðvar

Inga B. Árnadóttir,
Inga B. Árnadóttir,
deildarforseti
Tannlæknadeildar HÍ

Hólmfríður Guðmundsdóttir,
Hólmfríður Guðmundsdóttir,
verkefnissjóri tannverndar